

TJALDBORG RÍS SUNN- AN HAFNARFJARÐAR

Það var óðum farið að fjölga í gær í skátabúðunum miklu á Höskuldarvöllum fyrir sunnan Hafnarfjörð. Fréttamaður Vísis var staddur þar í gær og fylgdist

með því þegar verið var að reisa þar tjöld og smámsaman mynd aðist þarna heil borg úr tjöldum, — eins konar bæjarfélag — t. d. með pósthúsi, sjúkraskýli,

og verzlun sem selur skátavörur, gosdrykki og mjólk. Þá voru þarna liðsmenn úr hópi skáta, sem héldu uppi löggæzlu líkt og Framh. á bls. 5.

Þýzkur svanur veldur neyðar- ástandi á Tjörninni

Undanfarna daga hefur ríkt algert neyðarástand í heimi hinna fjölmörgu fugla á Reykja víkurtjörn. Þýzkur svanur, stór og fallegur, hefur valdið slíkum usla að dýra- og fuglavinir menn eins og Kjartan Ólafsson brunavörður, láta hafa eftir sér, „að annar eins ófriðar-seggur hafi aldrei sézt á Tjörninni.“

Þessi þýzki svanur hefur und

anfarna daga gert harða hrið að litlum andarungum og tætt þá til bana. Virðist það vera drápsfýsn ein, því ekki leggur hann bráðina sér til munnis. Í gærðag urðu menn vitni að því

að svanurinn drap níu andarunga og þótti flestum nóg um. Svaurinn hefur tekið saman við kvensvan þýzkan, sem fyrir var á Tjörninni og hafa þau skötuþjúin komið sér upp tveim ungum. Færðist svanurinn mjög í aukana eftir að afkvæmi hans fæddust og er fæst um fuglum líft í nærveru hans. Framh. á bls. 5.



Sporhundurinn Nonni er orðinn gamall og þreyttur. Hann var viðstaddur á skátamótinu á Höskuldarvöllum í gær og hafði prýtt sig með skátahatti og skátatrefli. Höfðu yngstu skátarnir gaman af því að heilsa upp á hann. Hér sést hann með 9 ára ljósálfi, Ingibjörgu dóttur Marínós Jóhannssonar úr Hafnarfirði.

Viðræður við félögin í Reykjavík að byrja

Búið er við því, að strax eftir helgina hefjist samningaviðræður við verklýðsfélögin í Reykjavík og á Suðurlandi yfirleitt. En eftir er að ganga frá samningum við þessi félög og verða þeir gerðir innan ramma samnings ríkisstjórnarinnar við verklýðshreyfinguna.

Ekki er búið við, að samningarnir við verklýðsfélögin syðra verði eins erfiðir og flóknir og samningarnir við félögin fyrir norðan og austan enda var þar

um óvenju mikla samræmingu á kjörum að ræða. En ei að síður má telja vist, að samningarnir við verklýðsfélögin í Reykjavík taki nokkurn tíma enda fer ávallt talsverður tími í að yfirfara samninga í heild. Telja má vist, að verklýðsfélögin í Reykjavík svo sem Dagsbrún muni fara fram á hlöðstaðar breytingar og félögin fyrir norðan og austan fengu enda þótt sumt eigi eingöngu við félögin á Norður- og Austurlandi.

Mikil listsýning opnuð á morgun

Mikil sýning íslenzkrar myndlistar verður opnuð kl. 4 á morgun í Listasafni Íslands í Þjóðminjasafninu. Er þetta yfirlitssýning um íslenzka list síðustu fimm ára. Er hún haldin í til efni 20 ára afmælis lýðveldisins og er einn þátturinn í listahátíðinni.


Sýningin tekur yfir flesta sali Listasafnsins og þar eru sýnd verk flestra kunnustu málara þjóðarinnar 68 talsins. Hluttur hinna yngri málara er þar til-
tölulega stærstur þar sem aðeins eru sýnd verk frá síðustu fimm árum. Af eldri meisturum má nefna Kjartal og Scheving og Júlíönu Sveinsdóttur. Abstrakt listin er hins vegar í yfirgnæfandi meirihluta á sýningunni. Að sýningunni standa Bandalag íslenzkra listamanna og Félag íslenzkra myndlistarmanna, en það er eina félag myndlistarmanna sem í Bandalaginu er, að því er formaður sýningarnefndar, Jóhannes Jóhannesson listmálari tjáði Vísir í gær.

Alls sýna 32 listamenn á sýningunni, en af þeim eru 9 myndhöggvarar. Tveir gestir sýna

með félagsmönnum, þeir Gunnlaugur Scheving og Júlíana Sveinsdóttir. Við opnun sýning

arinnar mun Ragnar Jónsson í Smára flytja ávarp. Sýningin verður opin í 3 vikur.

Listamenn hengja upp málverkið, Vornótt eftir Gunnlaug Scheving. Á myndinni eru Steinþór Sigurðsson uppi í stiganum, Eiríkur Smith, Hjörleifur Sigurðsson og Þorvaldur Skúlason.



Björgvin Guð- mundsson fréttastjóri við VÍSI

Björgvin Guðmundsson var í gær ráðinn fréttastjóri við Vísir. Hann er viðskiptafræðingur að mennt, en hefur í meir en áratug starfað við blöð og útvarp og unnið á ritstjórn Vísis um nokkurt skeið. Mun hann eftirlýðis gegna fréttastjórastörfum á ritstjórn blaðsins ásamt Þorsteini Ó. Thorarensen.

BLADID Í DAG

bls. 2 Krossgátan

— 3 Loftleiðir í nýju byggingunni

— 6 „Kúnninn hefur rétt fyrir sér“

— 7 Íþróttir

— 9 Innrásin mikla í Normandí.